

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 17/97
frá 24. mars 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/96 frá 26. apríl 1996⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað 19. liðar (tilskipun ráðsins nr. 77/796/EBE) í XIII. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„19. 396 L 0026: Tilskipun ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 1.

staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum (Stjtið. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 1).“.

2. gr.

Texti undirfyrirsagnar vi) í II. kafla XIII. viðauka og textinn í 28. lið (tilskipun ráðsins nr. 74/561/EBE) í XIII. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Undirfyrirsögnin „ix) Aðgangur að starfsgreininni (farþegaflutningar)” í II. kafla XIII. viðauka, textinn í 35. lið (tilskipun ráðsins nr. 74/562/EBE) og textinn í 36. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90) í XIII. viðauka við samninginn falli niður.

4. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 24. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner